



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
á málþinginu  
Ákall samtíðar og framtíðar –  
Velferð ungs fólks  
Háskóli Íslands  
21. mars 2019**

Vigdís Finnbogadóttir,  
forseti Menntavísindasviðs,  
Sigrún Aðalbjarnardóttir bókarhöfundur,  
aðrir góðir gestir

Ég óska þér, Sigrún, til hamingju með þetta mikla verk um mikilvægt efni. Ég byrja á því að nefna að fátt er eins skemmtilegt og að skrifa bók. Fátt er eins skemmtilegt og að fá hugmynd, vinna að henni, viðað sé efni, setjast við skriftir, strika út og eyða, semja kafla á nýjan leik, finna fleira að móða úr, móta ályktanir og niðurstöður, bera verkið undir vini og velunnara – og ónafngreinda ritrýna ef svo ber undir, fá viðbrögð, breyta og bæta – eða halda bara sínu striki og ákveða að þeir ónafngreindu séu nú bara ósanngjarnir! Búa handrit síðan til útgáfu, rýna í prófarkir, setja í prentun, sjá „barnið“ fæðast!

Já, fátt er eins skemmtilegt og að skrifa bók. Um það eru óteljandi og alls konar höfundar á einu máli en við fræðafólkið viljum gjarnan hafa fast land undir fótum í formi tilvísana og heimilda. „Að halda á sinni eigin bók,“ sagði sagnfræðingurinn Anne Sarah Rubin í viðtali fyrr í þessum mánuði, „lætur mann finna að maður hafi skapað eitthvað varanlegt í hverfulum heimi“.

En þetta er erfitt! Ég minnst spaklegra orða íslensks kollega míns í fræðunum sem kalla mátti hokinn af reynslu í bókaritun: „Þegar maður heldur að maður sé búinn, er maður hálfnaður.“ Mergur málsins er hins vegar sá að þetta á að vera erfitt. Í bíómyndinni A League of Their Own leikur Geena Davis unga konu sem gengur í hafnaboltalið kvenna vestanhafs í seinna stríði en mætir mótlæti og efast um allt saman. „Þetta er bara of erfitt,“ segir hún við þjálfarann, sem var auðvitað karl á þessum árum. En í því gervi fær Tom Hanks þessa áhrifaríku línu að fara með: „Þetta á að vera erfitt. Ef þetta væri ekki erfitt myndu allir vera að gera þetta – það sem er magnað, það sem er frábært, það er erfitt.“

Kæru vinir! Við skulum óska Sigrúnu til hamingju með árangur hennar erfiðis og sömuleiðis öllu hennar samtarfsfólki. Bók verður sjaldan eða aldrei til í einrúmi. Fólk þarf að vinna saman. Og þótt það sé gaman að skrifa bók býr meira að baki; það verður eiginlega meira að búa að baki, ekki síst þegar fræðirit er annars vegar. Ritið þarf að auka þekkingu okkar, vera framlag til vísinda og fræða. Sú er svo sannarlega raunin hér og við hljótum að vona að verkið verði víða lesið. Ég leyfi mér að vitna í orð Sigrúnar í þeim efnum á heimasíðu Háskóla Íslands: „Það er von mín að bókin hvetji foreldra til að huga enn frekar að uppeldisaðferðum og uppbyggilegum samskiptum við börn sín. Einnig vonast ég til þess að bókin nýtist ýmsu fagfólki sem vinnur með börnum og ungmennum. Jafnframt bind ég vonir við að embættis- og stjórnámálamenn, sem taka ákvarðanir um málefni ungs fólks, nýti sér þær niðurstöður og áherslur sem koma fram í bókinni.“

Undir þessi orð skal tekið. Sömuleiðis skulum við fagna þessu málþingi. Mörg njótum við hér eða munum njóta þeirrar gæfu að fá að ala upp eigið ungið. Um þá gæfu og ljúfu skyldu má auðvitað hafa mörg orð frá eigin brjósti, byggð á eigin reynslu. Hér fáum við hins vegar að heyra frá fólki sem býr yfir sérfræðiþekkingu, og þar að auki frá viðfangsefnunum sjálfum, ungmennum sem lýsa uppvexti og öllu sem honum fylgir frá eigin sjónarhóli.

En það má líka vitna í menningararfinn. Þar verðum við reyndar að vanda valið. Á misjöfnu þrífast börnin best, segir eitt máltækið og því ber að hafna, og hvað þá hinu, að berja skuli barn til batnaðar. Hömpum frekar þeim forna vísdómi að barna lund er blíð fædd, en líka okkur sjálfum til áminningar að það læri börnin sem fyrir þeim er haft.

Já, ágætu áheyrendur, ábyrgð okkar uppalenda er mikil en hugum líka að vaxandi ábyrgð fólks á eigin lífi eftir því sem árin færast yfir. Kennum krökkum seiglu og þrautseigju, eflum með þeim sjálfstraust. Í heimi skáldskapar og leikhúss segir frá Matthildi, hugarfóstri Roalds Dahl sem vissi sínu viti um uppeldi, börn og unglínga. Þessa dagana er verið að

sýna hér í borg söngleikinn um Matthildi og glímu hennar við fávísa foreldra og frenju í skólanum. Þrjár ungar stúlkur skiptast á að leika söguhetjuna hugumprúðu. Í nýlegu viðtali lýstu þær vel því sem skiptir máli í leikritinu – og lífinu sjálfu:

Ísabel: Sagan um Matthildi snýst um að gefast ekki upp og vera sjálfstæð. Taka sitt pláss.

Erna: Maður verður að vera maður sjálfur.

Salka Ýr: Og ekki leyfa neinum að komast upp með að vera leiðinlegur við mann og fara illa með mann. Ef manni tekst vel að vera maður sjálfur þá gengur lífið bara miklu betur.

Ágætu ráðstefnugestir: Um þennan boðskap og aðra meginþætti í farsælu uppeldi og uppvexti má lesa í þessari bók. Í blálokin bendi ég einnig á nauðsyn þess að við eldra fólkið berum virðingu fyrir næstu kynslóð, vonum hennar og væntingum. Síðustu misseri höfum við orðið vitni að því að ungmenni okkar daga hafi meiri áhyggjur af framtíð jarðar en þeir sem eldri eru gerðu að jafnaði á sínum æskuárum. Það finnst mér fagnaðarefni og óþarfi að gera gys að einlægni þeirra og sannfæringu, með þeim glósum á samfélagsmiðlum og víðar að nú skuli þessir skinhelgu krakkar þá hætta að heimta nýja gamsa, föt og nokkrar utanferðir á ári.

Kannski er þessi kaldhæðni bara til merkis um brostnar vonir fyrri kynslóða. En vissulega getum við minnt ungt fólk á að lífið er ekki alltaf dans á rósum. Auðveldar lausnir eru ekki alltaf í boði og vonbrigði, mótlæti og áföll eru óumflýjanlegur hluti okkar tilveru. Um leið á lífið samt að geta boðið fólki von og meðbyr, gleði og sigra.

Kæru vinir: Ég hlakka til að fræðast á þessu málþingi um lífssögur ungs fólks, samskipti, áhættuhegðun og styrkleika.